

Kirkjur.	Innieign í kirkju- sjóðnum við árslok 1893.	Lagt í kirkju- sjóðinn á árinu 1894.	Tekið úr kirkju- sjóðnum á árinu 1894.	Hlut- fallsleg- ur ágóði á árinu 1894.	Innieign í kirkju- sjóðnum við árslok 1894.
	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.
XX. Suður-Múlaprófastsdæmi.					
58. Hólmakirkja	3446 46	357 86	» »	118 83	3923 15
59. Eydalakirkja	142 40	286 00	» »	3 96	432 36
60. Valaneskirkja	1019 66	324 83	» »	43 02	1387 51
	24701	198186 04	333 30	930 89	33484 82

Aths. Sú upphæð, sem kemur til skipta hjer, eru þeir vextir, sem fallið hafa til eða áttu að greiðast á árinu 1894, 942 kr. 96 a. að frá dregnum gjaldliðunum 1. og 6. b. í reikningunum yfir tekjur og gjöld sjóðsins 1894, 12 kr. 7 a. = 930 kr. 89 a.

Hofteigskirkja átti enn fremur við árslok 1894 í skuldabrjefi síra Einars Þórðarsonar, útgefnu 24. júní 1892, 113 kr. 33 a., sem á þessu yfirstandandi ári eru nú greiddar ásamt leigum, og taldar með innlögum. Með þessari upphæð og skuldabrjefum Glæsibæjarkirkju í Eyjafjarðarprófsstsðæmi, 400 kr., og Stranda-kirkju í Selvogi 200 kr., sbr. Stjórnartíðindi 1894, B, bls. 142, er eign hins almenna kirkjusjóðs við árslok 1894 alls 34198 kr. 15 a.

Stiptyfirvöld Íslands, Reykjavík, 18. septbr. 1895.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

Reglugjörð

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum o. fl.

1. gr.

Hreppsnefndinni í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur að annast um lækning á hundum, eins og henni þykir bezt við eiga, og útnefna sjer til aðstodar fleiri eða færri menn eptir stærð og þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, er þannig eru skipaðir til að annast um lækning á hundum, skyldir til að hlýða undantekningariaust ákvæðum hennar.

2. gr.

Lækninguna á hundunum skal hreppsnefndin láta fram fara á einum og sama degi í öllum hreppnum tvisvar á ári hverju, í fyrra skiptið að vorinu fyrir sumarmál, og í síðara skiptið í nóvembermánuði.

3. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn 5 grömm af arekaduþti, og skal lækningunni hagam þannig:

Í sólarhring skal hafa hundinn inni, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan. Síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duþtinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir; en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfu klukku-

138 tímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða ef það ekki dugar, að gjöra hann sneyptan.

Eptir $\frac{1}{2}$ til 3 klukkutíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju útihúsi. Það, er gengur niður af hundinum, á að hreinsa vandlega upp og brenna síðan eða grafa í jörð 2 álna djúpt að minnsta kosti.

4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn á stað þann, er lækningamaður skipar. Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi forföll, að hundur komi eigi til lækninga, skal eigandi sjá um, að honum sje komið til lækninga tafarlaust.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu brýna fyrir mönnum, að hlýtt sje fyrirmælum 5. gr. í lögum nr. 18. 22. maí 1890 um að slátur það, sem sullmeingað er, sje grafið svo djúpt í jörð niður, að hundar geti ekki náð því, eða það brennt.

6. gr.

Fyrir lækningu á hverjum hundi skal greiða lækningamanni 25 aura fyrir hverja hreinsun. Allur kostnaður við lækninguna greiðist úr sýslusjóði.

7. gr.

Lækningamaður sendi hreppsnefndinni skýrslu um alla þá hunda, er hann hefur læknað. En hreppsnefnd semji aðalskýrslu, og sendi hana sýslunefnd fyrir árslok.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—10 króna sekt, er renni í sýslusjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal með fara sem opinber lögreglumál.

Reglugjörð þessi kemur í staðinn fyrir reglugjörð þá, er sýslunefndin samþykkti á aðalfundi 15.—16. maí þ. á.

*

*

*

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Vestur-Barðastrandar-sýslu á aukafundi hennar 16. október 1895.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 17. október 1895.

Páll Einarsson.